

Fyrirspurn

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um kostnað
við ferðir ráðherra innan lands.

Frá Þorsteini Sæmundssyni.

1. Hver var kostnaður vegna ráðherrabílstjóra, þ.e. laun, launatengd gjöld og annar kostnaður, á árunum 2017–2019?
2. Hver var rekstrarkostnaður ráðherrabíls á árunum 2017–2019? Ef bílar voru fleiri en einn óskast svar sundurliðað.
3. Hver var gistikostnaður vegna ferða ráðherra innan lands á árunum 2017–2019?
4. Hverjar voru dagpeningagreiðslur vegna ferða ráðherra innan lands á árunum 2017–2019?
5. Hver var annar kostnaður vegna ferða ráðherra innan lands á árunum 2017–2019?
Svar óskast sundurliðað eftir árum.

Skriflegt svar óskast.